

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður
b.t. Hildar Bjarnadóttur, byggingarfulltrúa, hildur@hafnarfjordur.is
b.t. Ívars Bragasonar, bæjarlögmanns, ivarb@hafnarfjordur.is

Hafnarfjörður, 15. febrúar 2023

Fyrirspurn um framlengingu lóðarleigusamnings.

Undirritaður er fyrirvarsmaður félagsins Móðurskipið ehf., kt. 500615-0600 en félagið starfar í byggingariðnaði. Félagið á atvinnuhúsnæði í Hafnarfirði, fasteignina Hvaleyra braut 22, merkt. 01-02, fastanúmer 223-8847. Um er að ræða svokallað iðnaðarbil sem er 218,3 fermetrar. Fasteignamat eignarinnar er kr. 37.450.000 og brunabótamat kr. 48.900.000. Fasteignin stendur á lóð Hafnarfjarðar, samkvæmt lóðarleigusamningi milli sveitarfélagsins og Fasteignafélagsins Voga ehf. 24. júlí 1998. Lóðarleigusamningurinn kveður raunar á um leigu á mun stærri lóð en geymir fasteign félagsins, en fjöldi fyrirtækja reka starfsemi á lóðinni. Lóðarleigusamningurinn var til 25 ára, frá 1. júní 1998 og þá væntanlega til 1. júní 2023, en undirritaðir eru ekki meðvitaðir um að það hafi verið gerðir einhverjir viðaukar við samninginn.

Framangreind fasteign hefur verið til sölu um tiltekinn tíma. Þann 7. febrúar síðastliðinn samþykkti félagið Háuhnúkar ehf., kt. 591021-0250 sölutilboð félagsins í fasteignina. Söluverð eignarinnar er samkvæmt tilboðinu 44.900.000 kr. Í kautilboðinu var þess sérstaklega getið að kaupandi hafi fengið þær upplýsingar að lóðarleigusamningurinn væri að renna út. Jafnframt var gerður fyrirvari kaupanda við fjármögnun fasteignarinnar.

Kaupandi óskaði eftir fjármögnun á kaupunum hjá sínum viðskiptabanka en fékk þau svör að ekki væri hægt að lána fjármuni til kaupanna þar sem lóðarleigusamningurinn væri við það að renna út og samkvæmt lánareglum bankans mætti ekki lána fjármuni við slíkar aðstæður. Hefur kaupandi tjáð okkur að hann hafi þegar verið í samskiptum við bæjarstjóra sem vakti áhuga hans á kaupunum.

Með erindi þessu er óskað eftir afstöðu sveitarfélagsins til þess hvort og þá hvenær umræddur lóðarleigusamningur verði endurnýjaður. Óskað er sérstaklega eftir því að sveitarfélagið bregðist við með skjótum hætti, enda miklir hagsmunir félagsins sem seljanda og Háuhnúka ehf. sem kaupanda að salan komist í gegn hið fyrsta.

Hægt er að hafa samband við undirritaðan með tölvupósti á raggi@tonnatak.is eða í síma 822-7890.

Virðingarfyllst,

Ragnar Þórðarson

